

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 7505/2013

Reykjavík, 21. nóvember 2018

Fangelsismálastofnun
Austurströnd 5
170 Seltjarnarnesi


Ég vísa til fyrri samskipta í tengslum við athugun mína er lýtur að aðbúnaði og aðstæðum fanga í fangelsinu á Litla-Hrauni, en einnig að aðstæðum fanga almennt, þ. á m. þeirri geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu sem föngum stendur til boða og aðbúnaði geðsjúkra fanga í afplánunarfangelsum.

Ég sendi Fangelsismálastofnun hér með til upplýsingar afrit af svarbréfi velferðarráðuneytisins við fyrirspurnarbréfi mínu frá 10. október sl., en ég lét afrit af því einnig fylgja hjálagt. Með fylgir einnig afrit af bréfi sem ég hef ég dag ritað dómsmálaráðherra vegna þessa máls.

Í ljósi fyrri svara dómsmálaráðuneytisins tel ég rétt að Fangelsismálastofnun fái tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum eða upplýsingum sem hún telur að kunni að hafa þýðingu við mat á því hvort og þá að hvaða marki þær aðgerðir sem velferðarráðuneytið lýsir í svari sínu séu líklegar til að bæta úr þeim annmörkum sem Fangelsismálastofnun hefur talið vera á framkvæmd þessara mála og þar með afstöðu dómsmálaráðuneytisins varðandi mannréttindi alvarlega geðsjúkra fanga.

Í bréfi mínu til dómsmálaráðherra skýri ég ástæður þess að ég óska eftir að fá svar við því bréfi sem allra fyrst og eigi síðar en 15. desember nk. Sömu ástæður eiga við í tilviki Fangelsismálastofnunar og er því óskað eftir að svar stofnunarinnar berist mér innan þess tíma.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson